

Vatnsstig 3

Húsgagnaverslun Reykjavíkur. - Mest úrval.

Stofuborð — Spílaborð — Reykborð — Barnaborð — Barnastólar.

Kosningar

í sameinuðu þingi.

Fundur hófst í sameinuðu þingi kl. 2 síðd. í gær.

Á dagskrá var kosning 40—50 manna í allskonar stöður, sem að langmestu leyti eru búnar til á hinu nýafstaðna þingi.

Stöður þessar eru:

Mentamálaráð: Árni Pálsson, Kr. Albertson, Jónas Jónsson, Barði Guðmundsson, Pálmi Hannesson.

Þingvallanefnd: Magnús Guðmundsson, Jónas Jónsson, Jón Baldvinsson.

Landskjörstjórn: Jón Ásbjörnsson, Þorst. Þorsteinsson hagst. stj., Magnús Sigurðsson, Vílmundur Jónsson, Ragnar Ólafsson lögfr. Til vara: Eggert Claessen, Einar B. Guðmundsson, Gissur Bergsteins-son, Finnboði R. Valdimarsson, Þórður Eyjólfsson.

Landsbankanefnd: Magnús Guðmundsson, Gísli Sveinsson, Ingvar Pálmason, Jónas Guðmundsson, Sveinbjörn Högnason. Til vara: Pjetur Halldórsson, Pjetur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson, Jón A. Pjetursson, Gísli Guðmundsson.

Stjórn byggingarsjóðs (ný lög): Jakob Möller, Jóhann Ólafsson, Stefán Jón Stefánsson, Þorlákur Ottesen.

Endurskoðendur byggingarsjóðs voru kosnir: Jón Þorláksson og Ágúst Jósefsson.

Útvarpsráð (ný skipan): Valtýr Stefánsson, Sigurður Baldvinsson, Pjetur G. Guðmundsson. Til vara: Jón Ófeigsson, Hallgrímur Jónasson kennari, Guðjón Guðjónsson kennari.

Stjórn Sildarverksmiðju ríkisins: Sveinn Benediktsson, Jón Þórðarson, Páll Þorbjörnsson, Jón Sigurðsson. **Endurskoðendur** voru kosnir: Hannes Jónsson alþm. og Sophus Blöndal.

Sildarútvegsnefnd (ný lög): Sigurður Kristjánsson útgerðarmaður, Siglufirði, Jakob Friðmannsson, Akureyri, Finnur Jónsson. Til vara: Loftur Bjarnason, Björn Kristjánsson, Kópaskeri, Jón Jóhannsson sjómaður, Siglufirði.

Eftirlitsmenn opinberra sjóða (ný lög): Jakob Möller, Andrés Eyjólfsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Eftirlitsráð (ný lög). Samkv. þessum lögum á að skipa þriggja manna ráð til eftirlits með opinberum rekstri. Ráðunum er skift í 3 flokka:

1. flokkur: Póstur, sími, útvarp og skipaútgerð; þar voru kosnir: Sigurður Kristjánsson, Sigurvin Einarsson, Sigurður Ólafsson gjaldkeri Sjómannafjelagsins.

2. flokkur: Tóbakseinkasala, áfengisverslun, viðtækjaverslun, áburðareinkasala; þessir kosnir: Jakob Möller, Guðm. Kr. Guðmundsson skrifstofustjóri,

Doktorsvörn

Björns K. Þórólfssonar.

Í gær varði Björn Karel Þórólfsson mag. art. doktorsritgerð sína um **Rímur fyrir 1600**. Athöfnin fór fram í lesrarsal Landsbókasafnsins, og stýrði henni Árni Pálsson prófessor, en andmælendur voru þeir prófessorarnir dr. Sigurður Nordal og dr. Alexander Jóhannesson.

Doktorsefni tók fyrstur til máls og skýrði frá því, hvernig rit sitt væri til orðið, en það væri fyrst og fremst bókmentasaga hinna elstu rímna fram til 1600. Fór hann nokkrum orðum um rímur alment og gildi þeirra.

Prófessor Sigurður Nordal ræddi sjerstaklega um hina bókmentalegu hlið ritgerðarinnar og benti á nokkur atriði, sem hann taldi að væru of eða van í efnismeðferð höfundar. Sjerstaklega taldi hann það galla, að við hverja einstaka rímu væri ekki gerð sjerstök grein fyrir flokkun hennar í aldursröð rímnanna. Hjelt hann því og fram að Ólafsríma Haraldssonar væri eldri en Sörlarímur, en þær hafði doktorsefni talið elstar allra. Annars lauk andmælandi lofsorði á ritgerðina í heild sinni. Þegar doktorsefni hafði svarað nokkrum atriðum í ræðu andmælanda og þeir skiptst nokkrum orðum á, tók annar andmælandi, prófessor Alexander Jóhannesson, til máls og beindi athugasemdam sínum að hinni málfræðilegu hlið ritgerðarinnar. Taldi hann, að doktorsefni hefði eigi tekið nægilegt tillit til málfræðilegra rannsóknna við tímasetningu rímnanna og ýms orð í kenningum voru vanskýrð hjá honum. Lauk hann þó lofsorði á ritgerðina eins og fyrri andmælandi og taldi hana grundvallarrit í sinni grein og mundi hún verða það um langan aldur. Svaraði doktorsefni því næst andmælanda og talaði að lokum nokkur orð til Háskóla Íslands og óskaði honum allra heilla í framtíðinni. Að því búnu sleit prófessor Árni Pálsson athöfninni með nokkrum vel völdum orðum.

Fjöldi áheyrenda var viðstaddur og stóð athöfnin yfir í 2½ tíma.

Góður afli er nú í Sandgerði og Garði. Hefir meiri fiskur gengið á grunnmið núna en dæmi eru til áður um þetta leyti árs.

Guðmundur Pjetursson símritari. —

3. flokkur: Vegamál, vitamál, húsameistari, ríkisperntsmiðjan og landssmiðjan. Kosnir voru: Halldór Steinsson, Magnús Stefánsson verslm., Jón Guðlaugsson bílstjóri.

Kirkjudeilan blossom upp.

London 21. des. F.Ú.

Í dag virtist á tímabili sem samkomulag myndi náðst milli aðilanna í kirkjudeilunni þýsku, og hafði fundurinn komið sjer saman um að kjósa nefnd til þess að gera samningana, en þegar til kastanna kom, náðist ekki samkomulag um það, hvernig nefndin skyldi skipuð, og hvað marga nefndarmenn hver flokkur skyldi kjósa.

Frakkar víg-girða enn.

Belgrad 22. des. F.B.

Jevtitch hefir lokið stjórnarmyndun. Hann er sjálfur forsætisráðherra og utanríkisráðherra.

Margir ráðherranna eru utanflokksmenn og eiga sumir ekki sæti á þingi.

Ríkisstjórn þessi kveðst ætla að ástunda „heildarlega samvinnu“ Ráðherrarnir vinna embættiseið sinn í kvöld.

United Press.

Dauðadómar

Kalundborg 22. des. F.Ú.

Ýms fjelög í Rússlandi, og einkum í Leningrad, krefjast þess, að tafarlaust verði látið til skarar skrifa gegn Sinavieff og fjelögum hans, og þeir teknir af lífi. Fimm menn í matvælastjórninni voru dæmdir til dauða í dag.

Dagbók.

□ Edda 593412285 Jólatrije að Hótel Borg. Listi í □ og hjá S. M. til kl. 18 þann 27. des. Aðgöngumiða sje vitjað til S. M. fyrir sama tíma.

Veðrið (laugard. kl. 17): Vindur er A-SA-lægur um alt land, allhvass og stundum hvass suðvestan lands en hægur á N- og A-landi. Veður er þurt á N- og NA-landi, en í öðrum landshlutum er rigning og hefir verið mest 13 mm. á Vattarnesi við Reyðarfjörð og 10 mm. í Fagurhólsmýri. Hið er frá 1—9 st., mestur á SA- og A-landi. Fregnir hafa engar náðst í dag sunnan af hafi, en allstór lægð mun vera suður eða suðvestur af Íslandi á hreyfingu N-eftr. Mun vindur verða nokkru S-lægari á morgun með fremur hlýju veðri um alt land og rigning víða.

Veðurútlit í Rvík í dag: SA- eða S-kaldi. Rigning.

Jóluguðsþjónusta fyrir börn verður í dómkirkjunni kl. 2 í dag; síra Friðrik Hallgrímsson.

Barnaguðsþjónusta kl. 1 í dag á Elliheimilinu.

Til mæðrastyrksnefndar. Frú Kristín Einaradóttir 5 kr. Afh. frú Bentínu Hallgrímsson.

Gísli Sveinsson alþingismaður fór heimleiðis til Víkur í gær.

Barnaspil og „góðu spilín“

Bókaverslun Snæbjarnar Jónssonar.

RICHARD FIRTH & SONS, LTD.,
SMÍÐA ULLAR- OG VEFNAÐARVJELAR.

BROOK MILLS, CLECKHEATON, ENGLAND.

ALLAR TEGUNDIR AF ENDURBÆTTUM VJELUM FYRIR ULLARIÐNAÐ OG AÐRA VEFNAÐARFRAMLEIÐSLU ÁVALT FYRIRLIGGJANDI.

TELEGRAPHIC ADDRESS: TEXTILES CLECKHEATON

GERIÐ FYRIRSPURNIR

CODES: A B C (5th EDITION) AND BENTLEY'S

Sparið peninga með því að kaupa

Íslensku leikföngin.

Verð frá 10 aurum.

Lindargötu 38.

Hjónaband. í gærkvöldi voru gefin saman í hjónaband Heba Geirsdóttir og dr. Alexander Jóhannesson rektor Háskólans.

Betania, Laufásveg 13. Samkoma í kvöld kl. 8½ síðd. Á jóladag samkoma kl. 6 s.d. Zions kórið syngur. Annan jóladag kl. 8½. Allir velkomnir á samkomurnar.

Ægir fór í gærkvöldi kl. 7 vestur og norður með þingmennina Finn Jónsson, Jón Auðunn, Sigfús Jónsson, Einar Árnason og Bernhard Stefánsson.

Með Suðurlandi fóru í morgun þingmennirnir Þorsteinn Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Jón Pálmason, Guðbrandur Ísberg og Hannes Jónsson. Frá Borgarnesi fara þeir síðan landveg heim til sín.

Hjúskapur. Í gær voru gefin saman í hjónaband ungrú Ólöf Einaradóttir og Jónas Lárusson, símritari.

Kári kom í fyrrinótt hlaðinn bátafiski. Mun fara á jóladag á leiðis til Englands.

Gullfoss, togari, kom í gær, með bátafisk af Akranesi, og heilagfiski frá Stykkishólmi.

Þór kom í gær að norðan. Nokkrir farþegar voru með skipinu.

Eimskip. Gullfoss er í Reykjavík. Goðafoss fer á jóladagskvöld kl. 12 til Reyðarfjarðar, Norðfjarðar, Blyth og Hamborgar. Dettifoss kom til Reykjavíkur frá útlöndum kl. 1 í gærdag. Brúarfoss er á leið til Kaupmannahafnar frá Leith. Lagarfoss er í Kaupmannahöfn. Selfoss kom til Reykjavíkur í gærkvöldi.

Hjónaband. Í dag verða gefin saman í hjónaband í Kaupmannahöfn Púriður Ragna Sigurðadóttir og Gunnar Becker húsgagnasmíður.

Bæjarráð hefir synjað beiðni frá Lars Halsör um leiguland til beinaburkunar.

Hjónaefni. Í gær opinberuðu trúlofun sína Alda Friðriksdóttir Akureyri og Hjeðinn Þórðarson, Gerðum í Garði.

Nýtt

hrossakjöt,

Saltað hrossakjöt,

og

reykt hrossakjöt.

Matargerð Reykjavíkur

Njálsgötu 2. — Sími 1555.

BESTIR

straum-
sparastír

**BÚÐ-
AR
LAMP-
AR**

ódyr-
astír

TRYGGVAGÖTU 28

Nýreyktur

lax

Kaupfjelag

Borgfirðinga.

Sími 1511.